

Kópavogi, 16. júní 2022

Tilvísun: M22030082

Samantekt úr niðurstöðum könnunar meðal skólastjórnaenda í leik- grunn- og framhaldsskólum um notkun þeirra á [Leiðbeiningum um verklag við ráðningu kennara og skólastjórnaenda](#)

Tilurð og framkvæmd könnunar

Eitt af verkefnum kennararáðs er að veita leiðsögn um mat á sérhæfingu kennara við ráðningu. Liður í því verkefni er að rýna árlega *Leiðbeiningar um verklag við ráðningar kennara og stjórnaenda við leik-, grunn- og framhaldsskóla* sem Menntamálastofnun gaf út og birti á vef sínum í upphafi árs 2019. Leiðbeiningunum er ætlað að styðja við skólastjórnaendur og aðra sem fara með ráðningarmál í skólum með því að skýra verklag við ráðningar kennara og stjórnaenda við leik-, grunn- og framhaldsskóla.

Til að fá glögga mynd á notkun leiðbeininganna og hvort og þá hvernig megi aðlagja þær þörfum notenda samþykkti kennararáð að senda út könnun til þeirra sem ráða kennara og stjórnaendur til starfa í leik-, grunn- og framhaldsskólum.

Starfsmanni kennararáðs var falið að gera tillögur að spurningum í könnuninni. Tillögurnar voru sendar til stjórna Skólameistarafélags Íslands, Skólastjórafélags Íslands og Félags stjórnaenda í leikskólum. Engar athugasemdir bárust frá félögunum við tillögunum að spurningum könnunarinnar.

Könnunin var gerð í Forms í Office 365 og sáu formenn SÍ og FSL og starfsmaður SMÍ um að senda könnunin út til félagsmanna. Samtals fengu 37 skólameistarar tölvupóst með boði um að taka þátt í könnuninni og 630 félagar í Skólastjórafélagi Íslands en þess má geta að margir af þeim starfa við sama skóla. Ekki barst svar frá Félagi stjórnaenda í leikskólum um hve margir hefðu fengið boð um að taka þátt í könnuninni. Samkvæmt vef Sambands íslenskra sveitarfélaga störfuðu á landinu 261 leikskóli og 173 grunnskólar á árinu 2020. Á vef Menntamálastofnunar er listi yfir framhaldsskóla þar eru nefndir 38 skólar (2022).

Alls svöruðu 206 skólastjórnaendur könnuninni; 98 leikskólastjórnaendur, 82 grunnskólastjórnaendur og 26 stjórnaendur í framhaldsskóla.

Í þessari samantekt eru birtar niðurstöður úr könnuninni ásamt tillögum kennararáðs að eftirfylgni með þeim niðurstöðum sem þykir sýnt að þurfi að bregðast við.

Svör við einstökum spurningum

2. Hefur þú kynnt þér *Leiðbeiningar um verklag við ráðningar kennara og stjórnenda við leik-, grunn- og framhaldsskóla?*

[More Details](#)

● Já	138
● Nei	68



3. Hefur þú nýtt þér leiðbeiningarnar við ráðningu kennara og/eða stjórnenda við skólann þinn?

[More Details](#)

[Insights](#)

● Já	113
● Nei	25




Af þeim 113 sem sögðust hafa nýtt sér leiðbeiningarnar sögðu 26 að þær hefðu nýst þeim mjög vel, 82 vel 1 sagði að þær hefðu nýst sér illa og 4 vildu ekki svara.

5. Hvað kaflar í leiðbeiningum hefur þú nýtt þér. Merktu við þá kafla sem þú hefur nýtt þér:

[More Details](#)

● Upphaf ráðningarferlis	59
● Starfsgreining, starfslýsing og u...	59
● Auglýsing	83
● Ráðning	73
● Lok ráðningarferlis	51
● Lög og reglugerðir	62



7. Af hverju hefur þú ekki kynnt þér leiðbeiningarnar?

[More Details](#)

●	Hef ekki verið að ráða kennara/s...	14
●	Vissi ekki um tilvist leiðbeininga...	52
●	Mundi ekki eftir þeim þegar ráð...	10
●	Annað	15



Þegar þátttakendur voru spurðir að því hvaða aðrar ástæður lægju að baki því að þau hafi ekki kynnt sér leiðbeiningar skráðu 13 þeirra aðrar ástæður. Flest þeirra (8) sögðust nýta sér verklagsreglur sveitarfélaganna þar sem þau starfa og að þau hafi fengið aðstoð hjá mannauðsdeild og/eða fræðslustjóra sveitarfélagsins. Aðrir nefndu að þau séu nýbyrjuð sem stjórnendur og hafi ekki þurft að ráða nýtt fólk.

Þegar spurt er um hvað þátttakendur legðu til að mætti bæta í leiðbeiningum skráðu þau helst að:

- það mætti stytta þær og einfalda,
- búa til gátlista yfir aðalatriði hans,
- bæta við leiðbeiningum við ráðningu kennaranema á fimmta ári náms,
- gera þær sýnilegri
- kynna þær oftari meðal skólastjórnenda og þeirra sem sjá um ráðningar við skóla

Eftirfylgni niðurstaðna

1. Í könnuninni kemur fram að allflestir þeirra sem ekki hafa kynnt sér leiðbeiningarnar vissu ekki af tilvist þeirra eða mundu ekki eftir þeim á meðan á ráðningaferli stóð. Kennararáð leggur til að:
 - Menntamálastofnun komi leiðbeiningunum fyrir á áberandi stað á vefsíðu stofnunarinnar.
 - þegar mennta- og barnamálaráðuneytið, Kennarasamband Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga kynna lög nr. 95/2019 um menntun, hæfni og ráðningu kennara og stjórnenda í leik-, grunn- og framhaldsskólum fyrir menntastjórnendum næstkomandi haust verði leiðbeiningunum gerð sérstök skil í þeim kynningum og stjórnendum bent á hvar þær sé að finna á vef Menntamálastofnunar.
 - félög stjórnenda í leik-, grunn og framhaldsskólum veki athygli félaga sinna á leiðbeiningunum og gildi þess að þeim sé fylgt.
 - Samband íslenskra sveitarfélaga veki athygli fræðslustjóra og þeirra sem sjá um ráðningar stjórnenda í leik- og grunnskóla á leiðbeiningunum.
2. Í könnuninn kemur fram að hluti stjórnenda segist nýta leiðbeiningar og verklagsreglur sem sveitarfélög þeirra hafa gefið út. Kennararáð leggur til að:
 - Samband íslenskra sveitarfélaga kanni hvort leiðbeiningar og verklagsreglur sveitarfélaganna samræmist leiðbeiningunum sem hér um ræðir og byggja á lögum nr. 95/2019 um menntun, hæfni og ráðningu kennara og stjórnenda í leik-, grunn- og framhaldsskólum.
3. Í tillögum svarenda um úrbætur á leiðbeiningunum er bent á einföldun leiðbeininganna, að búinn sé til gátlisti upp úr þeim og að bætt sé við leiðbeiningum um ráðningar kennaranema á fimmta námsári. Kennararáð leggur til að:
 - Menntamálastofnun verði falið að koma til móts við ofangreindar tillögur svarenda.

Ingileif Ástvaldsdóttir - MMS, sérfræðingur á þjónustusviði og starfsmaður kennararáðs